



# OPNI HÁSKÓLINN Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

## FAGMENNT FLUTNINGAFRÆÐI

Vissir þú:

- Að gert er ráð fyrir mikilli eftirspurn eftir sérfræðingum á sviði rekstrar og vörustjórnunar árið 2011\*
- Að 48% bandarískra fyrirtækja gera ráð fyrir að ráða til sín fleira starfsfólk með sérmenntun á sviði rekstrar- og vörustjórnunar árið 2011\*\*

Opni háskólinn í HR býður upp á hagnýta námsbraut í Flutningafræði sem er ígildi 24 ECTS eininga, nám samhliða vinnu. Námið er heildstæð námsbraut sem er ætluð þeim sem vilja dýpka og bæta við þekkingu sína á sviði flutningamála, starfa eða hafa áhuga á að starfa í flutningageiranum. Þetta geta t.d. verið störf hjá flutningafyrirtækjum, heildsölum, pósthjónustufyrirtækjum, smásölum, inn- og útflutningsfyrirtækjum, við birgðastýringu og svo mætti lengi telja.

Markmið námsins eru að þátttakendur fái hagnýta þekkingu og geti nýtt sér námið í starfi á markvissan og árangursríkan hátt. Nemendur kynna öllum hliðum flutninga, innkaupa og dreifingar í einu námi með áherslu á umbætur í rekstri með aðferðum rekstrarstjórnunar. Mikil áhersla er lögð á að nemendur læri einnig hver af öðrum og fái miðlað reynslu sinni og þekkingu.

**Námskeiðslýsingar og námsskipulag:**

\* Cottrill, Ken. *Are you prepared for the supply chain talent crisis?* MIT Center for Transportation & Logistics (2010).

\*\* National Association of Colleges and Employers, survey fall 2010.



## Námsskipulag

Námið er til eins árs þar sem kennt er í sex vikna lotum, hverri lotu lýkur með verkefni eða prófi. Undirbúningsnámskeið í stærðfræði og excel grunni verða haldin í janúar 2011. Námið hefst 2. febrúar og útskrift verður í janúar 2012. Námið samanstendur af sex námskeiðum.

Vorönn 2011	Haustönn 2011
Flutningastjórnun	Vörustjórnun
Markaðsfræði I	Þjónustustjórnun
Rekstrarstjórnun	Lokaverkefni

Kennt er tvisvar í viku á mánudögum og miðvikudögum kl.16:30 – 20:00. Gera má ráð fyrir um 15 – 20 klst í heimavinnu á viku fyrir utan prófundirbúning.

Námsbraut í Flutningafræði er ígildi 24 ECTS eininga. Við lok námsbrautar fá nemendur afhent prófskírteini.

## Verð og greiðslutilhögun

Námsbraut í Flutningafræði kostar kr.450.000,-

Þegar nemendur hafa fengið inngöngu í námið eru sendir út greiðsluseðlar til þátttakenda. Einnig bjóðum við upp á raðgreiðslur á kreditkortum. Ef óskað er eftir raðgreiðslu þarf greiðandi að hafa samband við fjármálasvið Háskólans í Reykjavík við Menntaveg 1 í Nauthólsvík í síma 599 6200. Ekki er hægt að fá námsgjald fellt niður eftir að nám er hafið.

## Verkefnastjóri námsbrautar í Flutningafræði

Salóme Guðmundsdóttir  
salomeg@ru.is  
Sími: 599 6353



## Flutningastjórnun (Logistics)

### Námskeiðslýsing

Á námskeiðinu verður farið yfir þróun flutningastjórnunar og flutningatækni og helstu hugtök kynnt. Meðal efnis verður sjóflutningakerfi, landflutningar og flugflutningar, umhverfi flutningafyrirtækja og samkeppnisþættir. Farið er yfir dreifingaleiðir, tíðni flutninga og alþjóðlega flutninga með áherslu á flutninga til og frá Íslandi og innanlands. Fjallað verður um flutningatækni, geymslutækni, forflutninga og framhaldsflutninga, samskipti við birgja, tollayfirvöld og hafnarfyrirtæki svo og upplýsingatækni í flutningum.

Farið er yfir þróun flutninga og alþjóðleg áhrif. Einnig áhrif reglubundinna flutninga og mikilvægi áætlanagerðar í flutningarekstri. Hafnir fyrir flug og sjóflutninga, svo og flutningamiðstöðvar, flutningsmiðlanir og frísvæði verða kynnt.

Farið er yfir það hvernig íslensk flutningastarfsemi virkar og hvernig flutningum er háttáð við helstu viðskiptalönd Íslands. Gæðamál, tjóna- og öryggismál, skipulagning flutninga, stefnumótun, stjórnun og eftirlit fyrirtækja í flutningarekstri eru meðal efnis í náminu. Lög og skilmálar um flutninga og viðskipti (INCO terms, Liner terms ofl) eru tekin fyrir og á námskeiðinu er lagður grunnur fyrir næstu námskeið í námsleiðinni.

### Hæfniviðmið

Við lok námskeiðs ættu nemendur að:

- Þekkja grundvallarhugtök í flutningafræðum
- Þekkja flutninga- og viðskiptaskilmála
- Gera sér grein fyrir mikilvægi góðrar stjórnunar og skipulags í flutningum.

### Námsmat

50% próf.

50% verkefni sem skiptast í einstaklings- og hópaverkefni.

### Kennsluaðferðir

Kennsla verður í formi fyrirlestra, verkefnavinnu og umræðna auk þess sem gestafyrirlesarar verða fengnir að námskeiðinu.

### Lesefni

Ítarefni og greinar frá kennara

### Kennari

Kristján M. Ólafsson, hagverkfræðingur



## Markaðsfræði I (Marketing)

### Námskeiðslýsing

Farið er í gegnum grunnþætti markaðsfræðinnar. Námskeiðið byggir á fjórum meginþáttum í bók Kotlers: Að skilja grunnþætti markaðsstarfs. Að greina markaðstæki. Að setja saman tilboð til viðskiptavina og stýringu og framkvæmd markaðspáttá. Í lok námskeiðsins eiga nemendur að hafa öðlast skilning á mikilvægi markaðsstarfs í daglegri starfsemi fyrirtækja og hafa næga innsýn til að móta og framfylgja markaðsáætlun.

### Hæfniviðmið

- Hafi skilning á grunnþáttum markaðsfræðinnar
- Skilji hlutverk markaðsfræðinnar í rekstri fyrirtækja
- Hafi góða hugmynd um hvernig á að útbúa markaðsáætlun og hvernig henni er framfylgt.

### Námsmat

20% hópverkefni, 10% stöðupróf og 70% lokapróf.

### Kennsluaðferðir

Fyrirlestrar og umræður.

### Lesefni

Marketing Management, Kotler, Philip 2003 – Prentice Hall. Ýmsar greinar og ljósrit.

### Kennari

Árni Árnason, MA í markaðssamskiptum, vörumerkjastjóri hjá Vífilfelli og stundakennari við HR.



## Rekstrarstjórnun (Operations Management)

### Námskeiðslýsing

Fjallað er um hvernig hlutverk og markmið rekstrarins er skilgreint út frá stefnu fyrirtækis, jafnframt áhrif rekstrarstjórnunar á stefnu fyrirtækis. Farið yfir mikilvægi heildarferla í skipulagi fyrirtækja og stefnumótun (resource-based view). Mótun rekstrarstefnu og tengsl hennar við viðskiptastefnu. Þá er fjallað um helstu aðferðir og hugmyndafræði í hönnun ferla, vöru og þjónustu. Ennfremur um áætlanagerð og stýringu t.d. afkastagetu, birgða, aðfangakeðja. Þá er fjallað um verkefnastjórnun, gæðaeftirlit og stjórnun. Spálíkön eru kynnt. Farið er yfir arðsemisútreikninga og framlegð. Loks er fjallað um umbætur í rekstri og gæðastjórnun. Farið er yfir mismunandi skilgreiningar á gæðahugtakinu og greiningu gæðavandamála. Tölfræðileg ferlastjórnun (SPC) og six sigma. Mælingar á frammistöðu, viðmið (benchmarking) og stefnumiðað árangursmat (balanced scorecard). Forgangsröðun umbótaverkefna. Róttækar breytingar á viðskiptaferlum (business process reengineering) borið saman við stöðugar (og oft litlar) breytingar (continous improvement). Lean stjórnunaraðferðin í framleiðslu- og þjónustufyrirtækjum. Aðferðir við umbætur. Altæk gæðastjórnun (TQM). Innleiðing á umbótamenningu (Lean eða TQM).

### Hæfniviðmið

- Nemendur geti skilgreint hlutverk og markmið rekstrarstjórnunar í skipulagsheildum. Þekki aðferðir við hönnun ferla, vöru, þjónustu og helstu aðferðir við áætlanagerð og stýringu í rekstri. Stýring afkastagetu og stýring birgða.
- Kunni skil á aðfangakeðjum og hugmyndafræði Lean og JIT. Hafi innsýn í verkefnastjórnun, gæðaeftirlit og gæðastjórnun.
- Þekki til aðferða við umbætur í rekstri, TQM, Six Sigma og ISO 9000 staðla og vottunar

### Námsmat

40% verkefni - 60% próf

### Kennsluaðferðir

Kennsla verður í formi fyrirlestra, verkefnavinnu, dæmatíma og umræðna.

### Lesefni

Slack, Nigel. (2008) Operations Management

### Kennari

Kristján M. Ólafsson, hagverkfræðingur.



## Vörustjórnun (Supply Chain Management)

### Námskeiðslýsing

Vörustjórnun (Logistics) tekur á þáttum er varða flæði íhluta, vöru og upplýsinga í hinu einstaka fyrirtæki. Grundvöllur fagsins er skipulags- og stjórnunarleg vandamál tengdum aðgerðum ss. viðskiptaþjónusta, innkaup, lager, flutningar, vöruhús, dreifing; allt aðgerðir sem hafa snertiflöt með öðrum fræðigreinum, sér í lagi rekstrarstjórnun og markaðsfræðum. Þessar aðgerðir eru ekki einungis mikilvægar fyrir framleiðslu- og verslunarfyrirtæki, heldur standa þjónustufyrirtæki og opinberar stofnanir frammi fyrir ákvörðunartöku og stefnum, sem byggja á verkfærum vörustjórnunar.

### Hæfniviðmið

- Nemendur skilji grundvallarhugmyndir í einstökum þáttum vörustjórnunar sem og innbyrðis tengsl þeirra.
- Geti sýnt fram á þekkingu við notkun tengdra stjórntæka til lýsingar og greiningar á stjórnunarlegum vandamálum sem tengjast vöru- og upplýsingaflæði hins einstaka fyrirtækis.

### Námsmat

Lokapróf 40%

Einstaklingsverkefni 15%

Skyndipróf 10%

Hópverkefni 35%

### Kennsluaðferðir

Kennsla verður í formi fyrirlestra, verkefnavinnu, dæmatíma og umræðna.

### Lesefni

Logistics and Supply Chain Management: Creating VA. *Christopher Martin (2005)*.

### Kennari

Hlynur Stefánsson, MSc, PhD. Lektor við Tækni- og verkfræðideild HR.



## **Þjónustustjórnun (Service Management)**

### **Námskeiðslýsing**

Þjónustufyrirtæki gegna lykilhlutverki í öllum hagkerfum. U.þ.b. 60-80% af þjóðarframleiðslu þróaðra ríkja kemur frá þjónustugreinum. Í námskeiðinu skoðum við sérstöðu þjónustu og þjónustumarkaða og berum saman við hefðbundnar vörur. Við skilgreinum þjónustu og förum yfir hin „8P“þjónustunnar (product, place, price, promotion, process, physical environment, people og productivity). Við skoðum muninn á grunn- og viðbótarþjónustu, mörkun (branding) þjónustu, þjónustuveitingu á netinu, útrás og alþjóðavæðingu, verðlagningu, markaðshlutun og staðsetningu (positioning). Einnig veltum við fyrir okkur stjórnun í þjónustufyrirtækjum og lykilþáttum sem snúa að mannauðsstjórnun í fyrirtækjum.

### **Hæfniviðmið**

Við lok námskeiðs ættu nemendur að:

- Þekkja helstu eiginleika þjónustu og skilja eðli þjónustuveitingar.
- Hafa lært að þekkja og skilja þær áskoranir sem stjórnendur þjónustufyrirtækja standa frammi fyrir.
- Hafa tileinkað sér aðferðir til að takast á við þessar áskoranir.

### **Námsmat**

Regluleg námsmöt (3\*10%) 30%

Einstaklingsverkefni 10%

Hópverkefni 35%

Lokanámsmat 25%

### **Kennsluaðferðir**

Kennsla verður í formi fyrirlestra, verkefnavinnu og umræðna og raundæma (case studies).

### **Lesefni**

Services Marketing: people, technology, strategy. *Lovelock and Wirtz, 6th edition.*

### **Kennarar**

Kristinn Tryggvi Gunnarsson, MBA og stundakennari við Viðskiptadeild HR.



## Lokaverkefni

### Námskeiðslýsing

Verkefnin skulu vera sjálfstæðar úttektir nemenda á afmörkuðum spurningum innan efnistaka flutningafræðinnar. Nemendur vinna saman í þörum að raunhæfu verkefni fyrir fyrirtæki. Verkefnið er unnið yfir nokkurra vikna tímabil.

Nemendur þurfa að fá til samstarfs fyrirtæki eða stofnun sem samþykkir að verkefnið sé unnið innan þess. Verkefnið felst í að skilgreina ákveðið viðfangsefni sem viðkomandi stofnun eða fyrirtæki stendur frammi fyrir, og verður það að tengjast ákveðnu sviði á vettvangi flutningafræðinnar. Verkefni nemenda þarf að fela í sér vandaða greiningu og úrvinnslu fræðilegra heimilda, auk beinnar vinnu sem lýtur að því viðfangsefni sem viðkomandi fyrirtæki glímir við. Niðurstaða verkefnisins á að fela í sér tillögu eða lausn fyrir fyrirtækið, sem hægt er að rökstyðja með fræðilegum hætti.

Hóparnir hitta leiðbeinendur reglulega á tímabilinu, kynna framgang verkefnisins og fá persónulega endurgjöf. Námskeiðinu lýkur með skil á lokaskýrslu og kynningu verkefnis fyrir leiðbeinendum og fulltrúum fyrirtækisins.

### Hæfniviðmið

- Þjálf og prófa hæfni nemenda til sjálfstæðra, skipulegra, gagnrýnna og agaðra vinnubragða.
- Undirbúa nemendur fyrir sjálfstæð vinnubrögð við greiningu gagna og ritun skýrslna úti á vinnumarkaðnum.
- Tengja námsefni við raunhæft verkefni.

### Námsmat

Lokaverkefni 100%

### Kennsluaðferðir

Fyrirlestrar og raunhæf verkefnavinna.

### Kennarar

Kristján M. Ólafsson og Hlynur Stefánsson.